



Mat á tilraunarverkefningu *Fyrr í frístundaheimili 2024*



Efnisyfirlit

Inngangur	4
Mat á tilraunaverkefninu	6
Heildarsamantekt mats	12
1. Upplýsingagjöf.....	13
2. Almenn skipulag.....	21
3. Líðan barna.....	36
4. Áhrif á verkefnisins á aðlögun nýrra barna í leikskóla	47
5. Fjárhagslegt mat	50
6. Samantekt á niðurstöðum mats eftir köflum	51



Töflu og mynda yfirlit

Mynd 1 Helstu ástæður þess að foreldrar völdu að láta barn sitt ekki taka þátt	8
Mynd 2 Í hvaða skóla er barnið þitt?	10
Mynd 3 Er töluð íslenska á þínu heimili?.....	11
Mynd 4 Starfsfólk, hvernig fannst þér upplýsingagjöf um verkefnið vera áður en það hófst?	16
Mynd 5 Starfsfólk, hvað hefðir þú viljað vita meira um eða fá skýrari upplýsingar um?	18
Mynd 6 Foreldrar, heilt yfir hvernig fannst þér upplýsingagjöf um tilraunverkefnið Fyrr í frístundaheimili vera?	18
Mynd 7 Foreldrar, hvað hefðir þú viljað vita meira um eða fá skýrari upplýsingar um?.....	19
Mynd 8 Starfsfólk, ég tel að almennt skipulag hafi gengið vel í tengslum við.....	27
Mynd 9 Starfsfólk, telur þú mikilvægt að starfsfólk leikskóla fylgi börnum eftir á frístundaheimilið fyrstu daganna? .	28
Mynd 10 Starfsfólk, telur þú mikilvægt að starfsfólk leikskóla fylgi stuðningsbörnum yfir á frístundaheimilið til lengri tíma (eftir þörfum hvers barns á meðan á verkefninu stendur)?	29
Mynd 11 Starfsfólk, hversu vel eða illa telur þú að þörfum stuðningsbarna hafi verið mætt á meðan á verkefninu stóð?	30
Mynd 12 Foreldrar, heilt yfir hversu óánægt eða ánægt ert þú sem foreldri með að barnið þitt hafi farið fyrr í frístundaheimili í staðinn fyrir að vera í leikskóla fram að skólasetningu?	32
Mynd 13 Foreldrar, hversu ánægt eða óánægt varst þú sem foreldri með eftirfarandi þætti á frístundaheimilinu á meðan á tilraunaverkefninu stóð (fyrir skólasetningu)?.....	33
Mynd 14 Foreldrar, heilt yfir hversu ánægt eða óánægt varst þú sem foreldri með viðfangsefni starfsins á frístundaheimilinu (fyrir skólabyrjun)?.....	34
Mynd 15 Foreldrar, hversu litlu eða miklu máli fannst þér skipta fyrir aðlögun barnsins á frístundaheimilinu að starfsmaður frá leikskólanum fylgdi með á frístundaheimilið fyrstu dagana?	34
Mynd 16 Foreldrar, var barnið þitt með sérstakan stuðning í leikskóla?.....	35
Mynd 17 Foreldrar, hvernig fannst þér stuðningsþörfum barnsins þíns mætt á frístundaheimilinu (fyrir skólabyrjun)	35
Mynd 18 Starfsfólk, heilt yfir hversu vel eða illa telur þú að börnunum hafi gengið að aðlagast starfinu á frístundaheimilinu fyrir skólabyrjun?	39
Mynd 19 Starfsfólk, hvaða áhrif telur þú að tilraunaverkefnið Fyrr í frístundaheimili að hafa á aðlögun barna í grunnskóla?	40
Mynd 20 Kennarar, heilt yfir telur þú að skólabyrjun hafi verið auðveldari fyrir börn sem tóku þátt í tilraunaverkefninu "Fyrr í frístund" af því þau voru búin að aðlagast á frístundaheimilinu áður en 1. bekkur byrjaði?	41



Mynd 21 Foreldrar, hversu vel eða illa fannst þér barninu þínu ganga að aðlagast á frístundaheimilinu fyrir skólasetningu?	42
Mynd 22 Foreldrar, hvernig leið barninu þínu almennt á frístundaheimilinu á meðan á tilraunaverkefninu stóð (fyrir skólasetningu)?	42
Mynd 23 Foreldrar, hvernig fannst barninu þínu að taka þátt í starfi frístundaheimilisins í sumar (fyrir skólabyrjun)?	43
Mynd 24 Foreldrar, hvaða áhrif telur þú að það hafi haft á aðlögun barns þín við upphaf grunnskóla að hafa byrjað fyrr á frístundaheimilinu?	44
Mynd 25 Foreldrar, hversu vel eða illa gekk barninu að aðlagast í grunnskólanum við upphaf skólagöngu í 1. bekk?	45
Mynd 26 Foreldrar, hversu vel eða illa gekk barninu að aðlagast á frístundaheimilinu eftir skólabyrjun?	46
Tafla 1 Þátttökuhlutföll	8
Tafla 2 Nánari upplýsingar um samsetningu rýnihópa barna	9
Tafla 3 Nánari upplýsingar um samsetningu rýnihópa starfsfólks	9
Tafla 4 Svarhlutföll eftir starftitli starfsfólks	11
Tafla 5 Nánari upplýsingar um innritun nýrra barna í þátttökuleikskólum	48



Inngangur

Haustið 2023 fór tilraunaverkefnið *Fyrr á frístundaheimili* af stað. Í því fólst að börn sem voru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu hófu dvöl á frístundaheimili frá því að sumarlokun leikskóla lauk og fram að skólasetningu grunnskóla. Eftirfarandi starfsstaðir tóku þátt í tilraunaverkefninu Norðlingaskóli, frístundaheimilið Klapparholt, leikskólinn Rauðhóll, Rimaskóli, frístundaheimilið Tígrisbær, leikskólinn Laufskálar, leikskólinn Fífuborg, leikskólinn Lyngheimar, Breiðholtsskóli, frístundaheimilið Bakkasel, leikskólinn Bakkaborg og leikskólinn Borg. Í greinargerð frá árinu 2023 um tilraunverkefnið segir um tilgang þess; *Með því að opna frístundaheimilin og grunnskólana fyrir þennan hóp nýrra nemenda væri hægt að stuðla að því að þetta stóra skref barns frá leikskóla yfir í grunnskóla verði sem ánægjulegast og þá gæfist starfsfólki frístundaheimila og grunnskóla rými til að mæta börnunum og foreldrum í næði áður en starf skólanna hæfist af fullum krafti. Einnig var bent á að hagræði geti verið af því að útskrifa elsta árgang leikskóla fyrr til að geta hugað að innritun og aðlögun nýrra barna í leikskóla eftir að sumarfríi lýkur. Í lok verkefnisins fór fram ítarlegt mat á því hvernig tókst til sem var kynnt fyrir skóla- og frístundaráði þann 22. janúar 2024. Í kjölfarið var lagt til að útvíkka tilraunaverkefnið, láta það taka til fleiri starfsstaða sem og að lengja tímabil verkefnisins og hófst undirbúningur á því eftir umfjöllun skóla- og frístundaráðs þar sem tillaga þess efnis var samþykkt þann 12. febrúar 2024. Tillagan var síðan samþykkt í borgarráði þann 14. mars og í framhaldi undirbúin með hagaðilum.*

Í framhaldi af samþykkt skóla- og frístundaráðs þann 12. febrúar var stjórnendum starfsstaða sem voru valdir til þátttöku sendur tölvupóstur með upplýsingum um verkefnið. Þá var verkefnið kynnt fyrir stjórnendum í leik-, grunn- og frístundarheimilum, foreldraráðum leikskóla sem tóku þátt og kallað var eftir umsögnum foreldraráða leikskóla, félags stjórnenda leikskóla, félagi stjórnenda í grunnskólum, KÍ, Samfok, félagi fagfólks í frístundapjónustu auk framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva. Frétt um verkefnið var sett á reykjavik.is og foreldrar elstu barna á leikskóla fengu kynningarbréf 4. apríl auk þess sem gerð var upplýsingasíða um verkefnið sem var aðgengileg öllum.



Starfsstaðir sem voru valdir til að taka þátt í tilraunaverkefningu voru eftirfarandi:

- **Grunnskólar:** Borgaskóli, Breiðholtsskóli, Engjaskóli, Foldaskóli, Hamraskóli, Húsaskóli, Norðlingaskóli, Rimaskóli, Seljaskóli, Ölduselsskóli.
- **Frístundaheimili:** Bakkasel, Brosbær, Hvergiland, Kastali, Klapparholt, Regnbogaland, Simbað, Tígrisbær, Vinasel, Vinaheimar.
- **Leikskólar:** Bakkaborg, Brekkuborg, Borg, Engjaborg, Fífuborg, Funaborg, Hamrar, Hulduheimar, Hálsaskógur, Jöklaborg, Klettaborg, Lyngheimar, Laufskálar, Rauðhóll, Seljaborg, Seljakot, Sunnufold.

Boðið var upp á dvöl á frístundaheimilum fyrir tvö tímabil. Fyrra tímabilið var fyrir 20. daga, frá 10. júní - 5. júlí og seinna tímabilið var í 11 daga, frá 6. ágúst – 20. ágúst. Hægt var að skrá barn á annað tímabilið eða bæði.

Verð fyrir 20. daga var eftirfarandi:

Flokkur 1 – 18.560 kr.

Flokkur 2 – 7.700 kr.

Verð fyrir 11 daga var eftirfarandi:

Flokkur 1 – 10.208 kr.

Flokkur 2 – 4.235 kr.

Flokkur 1 – Giftir foreldrar, sambúðarfólk og annað foreldri í námi.

Flokkur 2 – Þeir sem hafa sótt um afslátt sem; Einstæðir foreldrar, báðir foreldrar í námi, annað eða báðir foreldrar öryrkjar eða á endurhæfingarlífeyri TR og starfsfólk leikskóla Reykjavíkur.

Það var val foreldra að skrá börnin í „Fyrr í frístundaheimili“ en öll börn fædd 2018 í þátttökuleikskólunum fengu uppsögn frá og með 10. júní og gátu ekki komið í leikskólanum eftir það. Undantekning gat þó verið fyrir börn sem þurftu aukinn stuðning í leikskólastarfinu.



Mat á tilraunaverkefninu

Við mat á verkefninu voru eftirfarandi áhersluþættir til grundvallar:

1. Upplýsingagjöf
2. Almennt skipulag
3. Líðan barna
4. Áhrif verkefnisins á aðlögun nýrra barna í leikskóla
5. Fjárhagslegt mat.

Starfsfólk á skrifstofu sviðstjóra á skóla- og frístundasviði hélt utan um mat á áhersluþáttum nr. 1- 4 og fjármálskrifstofa skóla- og frístundasviðs hélt utan um áhersluþátt nr. 5.

Matsaðilar á skrifstofu sviðsstjóra unnu skipulag matsins (nr. 1- 4) í samstarfi við leikskóla-, grunnskóla- og frístundaskrifstofu. Áhersluþættir nr. 1-3 (upplýsingagjöf, almennt skipulag og líðan barna) voru metnir með eftirfarandi hætti:

- Fimm rýnihópar barna í 1. bekk.
- Einn rýnihópur forstöðumanna frístundaheimila
- Einn rýnihópur starfsfólks frístundaheimila
- Einn rýnihópur kennara í 1. bekk
- Einn rýnihópur starfsfólks leikskóla
- Viðtal við deildarstjóra barnastarfs- frístundamiðstöðvanna Brúarinnar og Miðbergs í Austur- og Suðurmiðstöð.
- Viðtal við fagstjóra grunnskóla í Austur- og Suðurmiðstöð.
- Viðtal við fagstjóra leikskóla í Austur- og Suðurmiðstöð.
- Foreldrar allra barna í 1. bekk í þátttökuskólunum tíu fengu senda viðhorfskönnun.
- Viðhorfskönnun til stjórnenda og starfsfólks frístundaheimila og leikskóla, stjórnenda í grunnskólum og kennara í 1. bekk.



Áhersluþáttur nr. 4 (áhrif verkefnisins á aðlögun nýrra barna í leikskóla) var metinn út frá tölfræðilegum upplýsingum úr gagnagrunni Völu ásamt upplýsingum frá leikskólastjórum sem teknar voru úr starfsmannakönnun.

Áhersluþáttur nr. 5 (fjárhagslegt mat) var metin út frá þeim forsendum sem starfshópur lagði til grundvallar við tilraunaverkefnið.




Þátttaka í verkefninu:

Þátttaka í verkefninu var almennt góð. Sé miðað við nemendafjölda í 1. bekk í þáttökuskólunum 1. október 2024 má ætla að heildarþáttökuhlutfallið hafi verið í kringum 93%. Þátttaka í Austurmiðstöð var 96% og í Suðurmiðstöð var þátttakan 88%. Það má þó vera að einhvern börn hafi tekið þátt í tilraunaverkefninu en á endanum hafið skólagöngu í grunnskólum sem tóku ekki þátt í tilraunaverkefninu. Annar möguleiki er að barn hafi ekki tekið þátt í tilraunaverkefninu en síðan hafið grunnskólagöngu í þáttökuskóla.

Tafla 1 Þáttökuhlutföll

	Fjöldi þátttakenda í verkefninu	Nemendafjöldi í 1. bekk í tilraunaskólum	Þáttökuhlutfall
Suðurmiðstöð	126	143	88%
Austurmiðstöð	219	227	96%
Heildarfjöldi	345	370	93%

Eins og sjá má á mynd eitt sýndu niðurstöður foreldrakönnunar að helstu ástæður þess að foreldrar völdu að láta barnið sitt ekki taka þátt voru skortur á upplýsingum um fyrirkomulag verkefnis, persónulegar ástæður og kostnaður. Hafa verður í huga að hópurinn sem tók ekki þátt var fámennur. Þessi greining byggir á svörum 20 foreldra sem féllu undir þennan hóp og völdu að svara foreldrakönnuninni.



Mynd 1 Helstu ástæður þess að foreldrar völdu að láta barn sitt ekki taka þátt



Niðurstöður foreldrakönnunar sýndu að meirihluti foreldra barna sem tóku ekki þátt töldu barnið sitt engu að síður hafa gengið vel að aðlagast grunnskólanum við upphaf fyrsta bekkjar en vegna smæðar hópsins var ekki unnt að gera beinan samanburð á upplifun foreldra barna sem tóku þátt og barna sem tóku ekki þátt á því hvernig aðlögun í grunnskóla gekk.

Rýnihópar barna

Rýnihópar barna voru í fimm skólum af tíu sem tóku þátt í verkefninu. Heildarfjöldi barna sem tóku þátt voru 27, þar af 13 stúlkur og 14 drengir (sjá nánari upplýsingar í töflu tvö).

Tafla 2 Samsetning rýnihópa barna

Skóli	Dagsetning	Fjöldi rýnihópa	Drengir	Stúlkur	Fjöldi barna
Húsaskóli	17.9.2024	1	3	3	6
Norðlingaskóli	17.9.2024	1	3	4	7
Rimaskóli	18.9.2024	1	3	2	5
Seljaskóli	18.9.2024	1	3	3	6
Ölduselsskóli	19.9.2024	1	2	1	3
Samtals		5	14	13	27

Viðtöl og rýnihópar stjórnenda og starfsfólks.

Tafla 3 Nánari upplýsingar um samsetningu rýnihópa starfsfólks


Hópur	Dagsetning	Fjöldi starfsfólks í viðtali/rýnihóp
Deildarstjórar barnastarfs í Brúnni og Miðbergi í Austur- og Suðurmiðstöð	01.10. 2024	2
Fagstjórar leikskóla í Austur- og Suðurmiðstöð	11. 09. 2024	2
Fagstjórar grunnskóla í Austur- og Suðurmiðstöður	09. 09. 2024	2
Rýnihópur forstöðumanna í frístundaheimilum	27.08.2024	8
Rýnihópur starfsfólks í frístundaheimilum	05.09.2024	6
Rýnihópur starfsfólks í leikskólum	01.10.2024	6
Rýnihópur kennara í 1. bekk	01.10.2024	4
Samtals		30 manns



Viðhorfskönnun til foreldra


Viðhorfskönnun var send út á netföng foreldra allra barna í 1. bekk í þátttökuskólunum.

Könnuninni var hægt að svara á íslensku og ensku, svörun stóð yfir frá 16.september til og með 25.október. Á því tímabili voru sendir út sex áminningarpóstar til að hvetja foreldra til að svara könnuninni. Sé svarhlutfall skoðað út frá fjölda barna bárust svör frá foreldri um 71% barna. 65% foreldra sem svöruðu könnuninni áttu barn í grunnskóla sem tilheyrir Austurmiðstöð (í þessu tilfalli Grafarvogi og Norðlingaholti) og 35% barn í grunnskóla sem tilheyrir Suðurmiðstöð (Breiðholti). Á mynd tvö má sjá hvaða skólum börnin tilheyrðu.



Mynd 2 Í hvaða skóla er barnið þitt?

Kynjahlutföll barna voru fremur jöfn en um 46% foreldra áttu stelpu sem tók þátt í verkefninu og 54% áttu strákar. Varðandi tungumálabakgrunn þá var eingöngu töluð íslenska á 78% heimila. Nánari upplýsingar um tungumálabakgrunn má sjá á mynd þrjú hér fyrir neðan.



Mynd 3 Er töluð íslenska á þínu heimili?

Viðhorfskönnun starfsfólks

Starfsmannakönnunin var send út á netföng allra stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila sem tóku þátt í tilraunaverkefninu. Hún var jafnframt send á starfsfólks leikskóla og frístundaheimila sem tóku þátt í verkefninu og kennara barna í 1.bekk sem tóku á móti barnahópnum í haust. Alls voru þetta 184 manns. Svörun stóð yfir frá 19. september til og með 29. október. Á því tímabili voru sendir út sjö áminningarpóstar til að hvetja starfsfólk til að svara könnuninni. 117 svör bárust og er svarhlutfallið því 63%. Í töflu fjögur hér fyrir neðan má finna nánari upplýsingar um svarhlutföll eftir starfstitli.

Tafla 4 Svarhlutföll eftir starfstitli starfsfólks

Starfstitill	Svarhlutfall
Forstöðumenn og aðstoðarforstöðumenn frístundaheimila	79%
Leikskólastjórar og aðstoðarleikskólastjórar	70%
Skólastjórar og aðstoðarskólastjórar	60%
Almennt starfsfólk frístundaheimila	49%
Almennt starfsfólk leikskóla sem hafði aðkomu að verkefninu	49%
Kennarar í 1.bekk	82%



Heildarsamantekt mats

Í rýnihópum koma fram að ákvörðun um að tilraunaverkefnið yrði sett af stað, var tekin of seint. Að mati stjórnenda og starfsfólks var auk þess þörf á auknu samráði, skýrari ábyrgðarskiptingu og skýrari verkferlum. Um 57% starfsfólks og helmingur foreldra segja að upplýsingagjöf um verkefnið áður en það hóst, hafi verið of lítil. Foreldrar hefðu viljað fá upplýsingar fyrr, helst við upphaf skólaárs. Eins kom fram óánægja meðal foreldra með að sumarleyfistímabil í verkefninu hefðu stangast á við fyrirfram auglýst sumarleyfi í leikskólunum. Varðandi almennt skipulag kom fram í rýnihópum starfsfólks að huga hefði þurft betur að útfærslu á stuðningi við börn á meðan á verkefninu stóð. Þá komu einnig upp vandamál tengd húsnæðismálum, þar sem frístundastarf fékk ekki alltaf lofaða aðstöðu og óvæntar framkvæmdir trufluðu starfsemi. Heilt yfir taldi starfsfólk þó að almennt skipulag á frístundaheimilinu hefði gengið vel. Foreldrar voru að sama skapi að mestu leyti sáttir við almennt skipulag ef nestismál voru undanskilin. Þá var meirihluti foreldra eða 66% heilt yfir ánægð með að barnið þeirra hefði farið fyrr á frístundaheimili. Mikill meirihluti foreldra eða 81% taldi það hafa skipt miklu máli fyrir aðlögun barns á frístundaheimilinu að starfsfólk leikskóla fylgdi börnunum fyrstu daganna. Í öllum rýnihópum/viðtölum kom fram að verkefnið hafði almennt jákvæð áhrif á líðan barnanna og hjálpaði þeim að aðlagast betur á frístundaheimilinu og í grunnskólanum að mati starfsfólks. 84% starfsfólks sem starfaði á frístundaheimilinu og 87% foreldra töldu að börnunum hafi heilt yfir gengið mjög eða frekar vel að aðlagast í frístundaheimilinu. Þá taldi 83% allra stjórnenda og starfsfólks að tilraunaverkefnið hafi jákvæð áhrif á aðlögun barna í grunnskóla. 89% foreldra töldu að barninu þeirra hefði gengið mjög eða frekar vel að aðlagast við upphaf skólagöngu í fyrsta bekk. Afleidd áhrif verkefnis voru þau að tilraunaleikskólarnir gátu innritað stóran hluta barna sem fengu boð um leikskólavist í júní (fyrir sumarleyfi) í stað þess að bjóða þeim pláss í lok ágúst eða byrjun september.

Niðurstaða fjárhagsmats var að gjöld og tekjur voru í samræmi við þær forsendur sem lagt var upp með. Viðbótarfjárheimildir voru ekki veittar til verkefnisins og var verkefnið fjármagnað af fjárheimildum frístundastarfs þar sem svigrúm myndaðist þar vegna mönnunarvanda.



1. Upplýsingagjöf

Upplýsingagjöf var metin út frá viðtölum og rýnihópum stjórnenda, starfsfólks og barna. Ásamt niðurstöðum úr starfsmannakönnun og foreldrakönnun.

Rýnihópar

Viðtal við deildarstjóra barnastarfs (frístundaheimila)

Deildarstjórar barnastarfs sögðu að tímaskortur hefði verið stærsta áskorunin við undirbúning verkefnisins. Þá var mikil óánægja með hversu seint staðfesting á því að verkefnið yrði að veruleika kom, sem stytta allan undirbúningstíma. Það var til að mynda verið betra að hafa lengri tíma til leysa úr stuðningsúrræðum og húsnæðismálum. Skortur á tíma skapaði óþarfa álag fyrir starfsfólk. Auk þess sögðu þeir að meira samráð hefði mátt vera við þá aðila sem hafa reynslu og þekkingu á málaflokknum í undirbúningsferlinu. Ef upplýsingar hefðu borist fyrr og samráð verið meira, hefði verið hægt að útfæra mörg atriði betur. Deildarstjórar barnastarfs voru þó mjög ánægðir með undirbúningsfund sem fagskrifstofa frístundamála skipulagði og haldin var með starfsfólki úr öðrum sveitafélögum þar sem farið var yfir útfærslur þeirra sveitafélaga á sambærilegum verkefnum.

Viðtal við fagsstjóra leikskóla

Fagstjórar leikskólastarfs voru sammála um að upplýsingar um tilraunaverkefnið bárust of seint, sem skapaði óþægindi varðandi skipulagningu, sérstaklega í tengslum við sumarleyfi leikskólanna. Upplýsingum var ekki miðlað til foreldra fyrr en í apríl og það var mjög óheppilegt hve seint það var, að mati fagstjóra leikskóla. Fagstjórar bentu á að það hefði mátt vera til skriflegt efni, eins og t.d. bæklingur, til að útskýra verkefnið fyrir foreldrum. Slíkt hefði auðveldað upplýsingamiðlun.



Viðtal við fagstjóra grunnskóla

Fagstjórar grunnskóla sögðu upplýsingar hafa borist of seint, þó þær hefðu borist fyrr en árið áður (þegar tilraunaverkefnið var í þremur skólum). Einnig hafi ekki verið nægilega skýrt hvernig aðkoma grunnskólans átti að vera en fagstjórnir sögðust hafa orðið varir við gremju varðandi lítillar þátttöku grunnskólakennara. Fyrir þeim var heldur ekki skýrt hvernig sú aðkoma átti að vera og hver hefði átt að stýra henni þó lagðar hefðu verið fram tillögur að aðkomu skólanna á fundi með fagsskrifstofum og skólastjórum. Á þeim fundi var m.a. óskað eftir því að umsjónakennarar tækju á móti sínum bekkjum, sýndu þeim stofunnar og nánasta umhverfi þar í kring. Þá var einnig bent á að sérkennarar gætu boðið barnahópnum í heimsókn og t.d. boðið uppá eitthvað stutt einfalt verkefni og matráður gæti boðið hópnum í mat og kynnt fyrir þeim hvernig hlutirnir ganga fyrir sig í matsalnum. Ljóst er að þessar uppástungur raungerðust ekki að öllu leyti.

Rýnihópur forstöðumanna frístundaheimila.

Forstöðumenn frístundaheimila í rýnihóp sögðu upplýsingar um verkefnið hafa borist mjög seint auk þess sem upplýsingarnar hafi verið óskýrar í upphafi. Þeir nefndu einnig að mikill skortur hafi verið á samráði við þá áður en verkefnið hófst. Aukið samráð hefði t.d. getað komið í veg fyrir óskýra verkferla og óljósa upplýsingagjöf. Ekki var alltaf ljóst hver bar ábyrgð, sérstaklega varðandi stuðning leikskólastarfsfólks sem fylgdi börnunum í frístundaheimilið. Forstöðumenn frístundaheimila töldu mikilvægt að það kæmi fram að grunnskólahlutinn virtist ekki nægilega upplýstur um verkefnið og meira samráð og samstarf við grunnskólann hefði verið kostur. Sérstaklega þegar kom að húsnæðisnotkun og framkvæmdum sem frístundaheimilið vissi ekki af fyrir fram og olli truflunum á starfinu. Kostur hefði einnig verið ef fleiri kennarar hefðu t.d. kynnt sig fyrir börnunum og verið hluti af aðlögunarferlinu og gagnlegt hefði verið ef frístundastarfsfólk og kennarar hefðu fundað til að frístundafólkið hefði getað miðlað upplýsingum til kennara um börnin fyrir skólabyrjun. Forstöðumenn sögðu betri verkferla hafa vantað til að tryggja skilvirk samskipti.



Rýnihópur starfsfólks á frístundaheimilum.

Flest starfsfólk var ánægt með upplýsingarnar en þær komu of seint. Líkt og forstöðumenn minntist starfsfólk frístundaheimila á að samráð við grunnskólans hefði mátt vera meira. Að sama skapi hefði þurft að vera betri upplýsingagjöf varðandi framkvæmdir á nokkrum starfsstöðum. Því það komu upp tilvik þar sem starfsfólk þurfti að bregðast snögg við og aðlaga starfseminu að minna rými sökum óvæntra framkvæmda. Þá minntist starfsfólk einnig á að það hefði þurft að útfæra stuðningsmál betur, þá helst með tilliti til barna sem voru með snemmtæka íhlutun í leikskóla.

Rýnihópur starfsfólks í leikskólum.

Upplifun starfsfólks leikskóla var að ákvörðun um að verkefnið yrði sett á hefði verið tekin of seint. Það hafði þær afleiðingar að það gafst lítil tími í að undirbúa foreldra og ganga frá skipulagsmálum innanhús. Að sama skapi þótti þeim óljóst í upphafi nákvæmlega til hvers var ætlast af leikskólunum. Það er að segja hvert hlutverk þeirra yrði í verkefninu þó það hafi skýrst með vorinu. Þá hefði einnig mátt vera skýrari upplýsingagjöf um ýmis praktísk atriði á meðan á verkefninu stóð. Starfsfólk leikskólans sem fylgdi börnunum yfir á frístundaheimilið var að færa sig yfir á aðra starfsstöð. Því fylgja ýmsar breytingar og það komu t.d. upp árekstrar í tengslum við ólíkan útfærslu á vinnutíma og kaffi/matartíma sem hefði mögulega verið hægt að koma í veg fyrir ef fyrirvarinn hefði verið meiri og upplýsingagjöf um útfærslu verkefnisins skýrari.

Að sama skapi taldi starfsfólk leikskólans að það hefði mátt setja fram skýrari upplýsingar varðandi útfærslu á stuðning þegar starfsfólk fylgdi börnum eftir til lengri tíma. Til dæmis hvernig ætti að bregðast við þegar starfsfólk leikskólans sem sinnti stuðning var fjarverandi t.d. vegna veikinda, hvort það var á ábyrgð leikskóla að senda afleysingu eða ekki.

Rýnihópur kennara í 1. bekk

Kennarar upplifðu að upplýsingar um verkefnið hefðu borist of seint. Að auki var upplifun þeirra sú að ekki hafi verið ætlast til þess að kennarar hefðu beina aðkomu að verkefninu. Þeir kennarar sem voru í rýnihóp nefndu að frístundaheimilin hefðu sett sig í samband við sig og óskað eftir samstarfi t.d. að börnin myndu koma í skipulagða heimsókn og hitta kennara sína í




kennslustofunni í klukkustund fyrir skólabyrjun. Kennarar töldu sig ekki geta orðið við þeirra ósk því umfang verkefna á fyrstu dögnum eftir sumarfrí væri það mikið að ekki væri auðvelt að bæta slíkri heimsókn inn í dagsskipulagið. Það voru þó einhverjir kennarar sem gáfu sér tíma til að kíkja í stutta heimsókn á frístundaheimilið eða taka á móti börnum í stutta heimsókn til sín. Að öðru leyti höfðu kennarar í 1. bekk ekki aðkomu að verkefninu í ár. Það kom fram í máli þeirra að þeir töldu mikilvægt að vera í samstarfi við frístundaheimilin en töldu ekki þörf á heimsóknum á meðan á tilraunverkefninu stæði. Því þeir væru í góðu samstarfi við leikskólanna um skólaheimsóknir yfir veturinn, auk þess sem börnin kæmu í vorskóla og börn og foreldrar kæmu einnig í móttökuvíðtal við upphaf 1. bekkjar að hausti. Hins vegar sáu kennarar gagnsemi í að koma á skilafundum með starfsfólki frístundaheimilanna meðal annars til að geta nýtt upplýsingar frá þeim til að undirbúa móttöku barnanna að hausti enn betur.

Rýnihópar barna

Flest börnin virtust vel undirbúin að byrja á frístundaheimilinu/skólanum. Þau höfðu komið í skólann áður, oft með leikskólanum og/eða með fjölskyldumeðlimum og það hafði þau áhrif að þau voru nokkuð örugg í aðlöguninni.

Starfsmannakönnun

Í niðurstöðum starfsmannakönnunar kom fram að um 57% alls starfsfólks og stjórnenda upplifði að upplýsingagjöf um verkefnið áður en það hófst, hafi verið of lítil. Ætla má að skammur fyrirvari á verkefninu hafi haft mikil áhrif á þá upplifun.




Mynd 4 Starfsfólk, hvernig fannst þér upplýsingagjöf um verkefnið vera áður en það hófst?



Þetta endurspeglast í opnum svörum starfsfólks en starfsfólks sem taldi upplýsingagjöf hafa verið of litla var spurt hvað það hefði vilja vita meira um eða fá skýrari upplýsingar um, alls bárust 43 ummæli. 42% starfsfólks tiltók í sínum ummælum að það hefði viljað fá upplýsingar um fyrirkomulag verkefnis fyrr. Þá var tiltekið í 30% ummæla að þau hefðu heilt yfir viljað fá skýrari upplýsingar á útfærslu verkefnisins. Einnig var nefnt í 23% ummæla að það hefði þurft skýrari upplýsingar varðandi útfærslu á stuðning þá helst hvernig ætti að bregðast við þegar starfsmaður sem fylgdi barni væri veikur eða fjarverandi að öðrum ástæðum. Eins hefði þau viljað fá skýrari upplýsingar um hvernig ætti að mæta stuðningsþörfum barna sem hefði verið í snemmtækri íhlutun í leikskóla en féllu ekki undir fyrsta flokks stuðning. Einnig var minnst á ósk um skýrari upplýsingar á hlutverkum hvers og eins í verkefninu þó aðallega á því hvert hlutverk grunnskólanna átti að vera. Í 12% ummæla var minnst á að starfsfólk hefði viljað fá meiri upplýsingar um útfærslu á húsnæðismálum. Í 7% ummæla var nefnt að þau hefðu viljað fá upplýsingar um fjölda barna á hvern starfsmann og önnur 7% nefndu að þau hefði viljað upplýsingar um fjárveitingu í verkefnið, framkvæmd starfsins og mönnun eða starfsmannahald. Varðandi starfsmannahald voru það helst starfsfólk leikskóla sem óskaði eftir skýrari upplýsingum um fyrirkomulag starfs síns á frístundaheimilinu því í raun var verið að krefja þau um að skipta tímabundið um vinnustað.


Þegar upplifun stjórnenda var skoðuð sérstaklega sýndu niðurstöður starfsmannakönnunarinnar að 93% forstöðumanna og aðstoðarforstöðumanna frístundaheimila, 61% leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og 25% skólastjóra og aðstoðarskólastjóra töldu að upplýsingagjöf um tilraunaverkefnið áður en það hófst hefði verið of lítil.



Mynd 5 Starfsfólk, hvað hefðir þú viljað vita meira um eða fá skýrari upplýsingar um?

Foreldrakönnun


Eins og sjá má á mynd sex var upplifun foreldra af upplýsingagjöf um verkefnið misjöfn. Um helmingur foreldra taldi upplýsingagjöf hafa verið hæfilega og hinn helmingurinn taldi að upplýsingagjöf hefði verið of lítil.



Mynd 6 Foreldrar, heilt yfir hvernig fannst þér upplýsingagjöf um tilraunverkefnið Fyrr í frístundaheimili vera?



Foreldrar sem töldu að upplýsingagjöf um verkefnið hefði verið of lítil voru beðnir um að svara opinni spurningu: "*Hvað hefðir þú viljað vita meira um/ fá skýrari upplýsingar um?*" Alls bárust 124 ummæli. Mynd sjö hér að neðan sýnir upp listun á algengustu ummælum. Vinsamlegast athugið að þetta er ekki tæmandi listi.



Mynd 7 Foreldrar, hvað hefðir þú viljað vita meira um eða fá skýrari upplýsingar um?

Eins og sjá má tiltóku 80% þeirra sem töldu upplýsingagjöf um verkefnið hafa verið of litla að það hafi verið of lítil fyrirvari á verkefninu. Margir minntust á að helst hefðu þau viljað vita strax í upphafi skólaárs að hausti að til stæði að fara af stað í þetta tilraunaverkefni. Svo fjölskyldur hefðu getað skipulagt tíma sinn út frá því. Eins kom fram óánægja með að sumarleyfistímabil í verkefninu hefðu stangast á við fyrir fram auglýst sumarleyfi í leikskólunum. Vert er að taka fram að leikskólar borgarinnar hafa hingað til ekki verið með samræmd sumarleyfistímabil og því var ólíkt eftir starfsstöðum hvernig sumarleyfin sköruðust. Ef fyrirvari á verkefninu hefði verið meiri hefði mátt koma í veg fyrir þetta með því að samræma sumarleyfistímabilin.



Ósamræmi á sumarleyfistímabilum kom mörgum fjölskyldum í erfiða stöðu. Því foreldrar voru jafnvel búnir að óska og fá samþykkt sumarleyfi frá vinnu á því tímabili sem sumarleyfi leikskólans var auglýst. Eins var ákveðin hópur foreldra sem átti barn í tilraunaverkefninu og annað barn eða börn á leikskólaaldri og voru þau því í einstaklega erfiðri stöðu því þau þurftu bæði að brúa sumarleyfistímabil leikskólans og tilraunaverkefnisins.



2. Almennt skipulag

Almennt skipulag var metið út frá viðtölum og rýnihópum stjórnenda, starfsfólks og barna. Ásamt niðurstöðum úr starfsmannakönnun og foreldrakönnun.

Almennt um skipulagið

Frístundaheimilin sem tóku þátt í tilraunaverkefninu höfðu umsjón með verkefninu. Starfsfólk kom frá viðkomandi frístundaheimilum. Auk þess sem starfsfólk leikskóla fylgdi börnunum yfir fyrstu daganna og starfsfólk leikskóla sem sinnti sérhæfðum stuðningi fylgdi börnunum á frístundaheimilið til lengri tíma. Starfsemin fór fram í húsnæði frístundaheimilisins og/eða grunnskólans, misjafnt eftir því hvernig húsnæðismálum var háttað á hverjum stað.

Frístundaheimilin höfðu í einhverjum tilvikum takmarkað húsnæði/rými því það var verið að reka sumarfrístund fyrir börn í 2.- 4. bekk eins og áður hefur verið gert, auk tilraunaverkefnisins “Fyrr í frístundaheimili” fyrir börn í verðandi 1. bekk. Meginhlutverk frístundaheimilanna var það sama og ávallt, að bjóða börnum innihaldsríkt frístunda- og tómstundastarf í barnvænu og skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og vali.

Rýnihópar

Viðtal við deildarstjóra barnastarfs (frístundaheimila)

Deildarstjórar töldu mikilvægt að leikskólastarfsfólk fylgdi börnunum fyrstu dagana í frístundaheimilinu til að tryggja samfellu og öryggi. Varðandi stuðning við börn nefndu þeir að það hefði verið ósamræmi milli úthlutunar stuðnings fyrir börn í leikskólum og frístundaheimilum, þ.e. einhver börn hefðu þurft meiri stuðning í frístundstarfinu en fengu ekki vegna úthlutunarregla í leikskólum og það skapaði áskoranir fyrir bæði börn og starfsfólk.

Húsnæðismál voru stundum vandamál en í sumum tilfellum gat frístundaheimilið ekki nýtt rými sem búið var að lofa og í einhverjum tilvikum voru framkvæmdir í gangi í húsnæðinu sem frístundafólkið hafði ekki verið upplýst um og gerði það að verkum að endurskipuleggja þurfti starfið á síðustu stundu. Að mati deildarstjórana var aðkoma grunnskólanna að verkefninu minni en búið var við en gagnlegt hefði verið ef starfsfólk grunnskólana hefði t.d. tekið meiri þátt í að kynna börnin fyrir skólahúsnæðinu og starfsfólkinu.



Deildarstjórnarnir nefndu að það hefði verið kostur að verkefnið var lengra í ár, miðað við árið 2023. Það hefði gert það að verkum að auðveldara var að ráða starfsfólk til starfa á frístundaheimilinu. Mun erfiðara hefði verið að manna verkefnið ef það hefði hafist 2-3 vikum fyrir skólabyrjun.

Viðtal við fagsstjóra leikskóla

Fagstjórar leikskólanna sögðu að hlutverk leikskólanna í verkefninu hafi í upphafi verið frekar óljóst, þ.e. leikskólafólk og frístundafólk fékk ekki alltaf sömu upplýsingarnar. Það var t.a.m. óljóst hvert hlutverk leikskólanna var í samvinnu við frístundaheimilið varðandi stuðning barna og hver hafði boðvald yfir starfsfólki sem sinnti stuðningsbörnum. Stundum óskaði frístundaheimilið eftir að starfsfólk leikskólanna væri áfram þann daginn, en leikskólarnir þurftu jafnvel að fá leikskólastarfsfólkið í önnur verkefni í leikskólanum. Það kom einnig í ljós að sum börn sem ekki þurftu stuðning í leikskólanum þurftu meiri stuðning í frístundastarfinu. Þetta var ekki tekið til greina við skipulagningu verkefnisins. Að mati fagstjóranna ætti fjármagn stuðningsins í framtíðinni að vera hjá frístundaheimilinu. Svo frístundaheimilið geti komið betur til móts við þarfir þessara barna.

Fagstjórnarnir bentu á mikilvægi þess að samræma sumarleyfi leikskóla og frístundaheimila. Þeir sögðu að sumarleyfi séu mismunandi milli leikskóla og frístundaheimila, sem geti skapað óþægindi fyrir foreldra, ef verkefnið verður innleitt yfir borgina í heild.

Viðtal við fagstjóra grunnskóla

Fagstjórnarnir voru almennt jákvæðir gagnvart tilraunaverkefninu og töldu að það hefði stuðlað að betri skólabyrjun fyrir börnin. Hins vegar var aðkoma grunnskólans óskýr en það var mjög breytilegt eftir skólum hvort eða hvernig kennarar tóku þátt. Samstarf við skólana og aðkomu kennara hefði þurft að vera skipulagt mun betur og fyrr, sérstaklega til að tryggja að kennarar væru meðvitaðir um hlutverk sitt í verkefninu. Fagstjórar segja kennara hafa næg verkefni sem þarf að sinna á þessum fimm dögum sem þeir hafa til undirbúnings fyrir skólastarfið. Ef verkefnið er komið til að vera, þá þyrfti að skipuleggja betur aðkomu kennara og skólastjórnenda því grunnskólinn var ekki í forgrunni í þessu verkefni, frístundaheimilið fékk



mestu ábyrgðina að sögn fagstjóra grunnskóla. Að mati fagstjóranna var einn jákvæður þáttur verkefnisins að með þessu fyrirkomulagi er möguleiki á að skapa fleiri heilsársstörf fyrir starfsfólk í frístundaheimilunum og það stuðlar að meiri stöðugleika í þjónustu og eykur öryggi fyrir fjölskyldur. Heilt yfir töldu fagstjórar grunnskólans að verkefnið hefði jákvæð áhrif fyrir börn og foreldra því skólabyrjunin hefði verið bæði mýkri og auðveldari fyrir þau sem tóku þátt í tilraunaverkefninu.

Rýnihópur forstöðumanna frístundaheimila.

Í rýnihóp forstöðumanna var almennt skipulag tilraunaverkefnisins ofarlega í umræðunni. Forstöðumenn nefndu að erfitt hafi verið að hagræða starfsmannamálum þar sem skipta hefði þurft starfsmannahópnunum á milli sumarfrístundar og tilraunaverkefnisins, það bitnaði á dagskrá sumarfrístundarinnar þar sem minna vanir starfsmenn sáu oft um hana. Forstöðumenn upplifðu skort á áhuga frá grunnskólum og kennurum í 1. bekk. Margir kennarar tóku ekki þátt í verkefninu. Það hefði verið kostur ef fleiri kennarar hefðu tekið meiri þátt, t.d. með heimsóknum í skólastofur. Forstöðumenn nefndu að leikskólastarfsfólk hefði ekki þurft að vera nema fyrstu dagana því betra væri að "klippa á strenginn" fljótt, en þó nauðsynlegt að meta eftir þörfum hvers barns eða hóps. Forstöðumenn töldu viðveru leikskólastarfsfólksins bæði mikilvæga fyrir börnin en einnig til að draga úr óöryggi foreldra en forstöðumenn sögðu að foreldrar hefðu almennt verið óöruggir í byrjun, sem hefði svo lagast þegar verkefnið komst í gang. Varðandi húsnæðismál þá sögðu forstöðumenn það oft hafa verið vandamál en í sumum tilvikum gleymdist að tilkynna forstöðumönnum um framkvæmdir í rýmum sem þeir ætluðu að nota í grunnskólunum eða að aðrir aðilar þyrftu rýmið þann daginn/dagana. Þetta skapaði áskoranir og olli því að forstöðumenn þyrftu að endurskipuleggja starfið á síðustu stundu. Forstöðumenn sögðu verkefnið hafa verið mikil vinna og álag fyrir þá og þeirra starfsfólk, sérstaklega þar sem verkefnið var skipulagt seint og aðlagast þurfti dagskrá í sumarfrístundinni með litlum undirbúningstíma. En forstöðumenn sögðu verkefnið þó hafa marga kosti, m.a. áttu börnin auðveldara með að aðlagast frístundastarfinu og skólanum því börnin höfðu kynnst húsnæðinu og starfsfólki að einhverju leyti.



Rýnihópur starfsfólks á frístundaheimilum.

Stærsta áskorun tilraunaverkefnisins var að það hafði neikvæð áhrif á sumarfrístundina að mati starfsfólks á frístundaheimilum. Vegna þess að starfsfólk var að vinna í tilraunaverkefninu, skorti starfsfólk í sumarfrístundina, sem leiddi til þess að börnin þar upplifðu minni gæði í sumarfrístundinni, að mati starfsfólksins. Það var minna um skipulagðar ferðir og dagskrá en áður og foreldrar barna í sumarfrístund voru óánægðir með það. Starfsfólkið talaði einnig um mikla þreytu og bugun eftir sumarið hjá starfsfólkinu. Þá nefndi starfsfólk frístundaheimila að það hafi verið áskorun að opnunartími sumarfrístundar var kl. 08:30 en tilraunaverkefnið opnaði kl. 08:00. Þetta leiddi til þess að stundum biðu foreldrar fyrir utan sumarfrístundina sem skapaði óánægju meðal þeirra. Einnig skapaði það óánægju meðal ákveðins hóps starfsfólks þegar vinnutímanum í tilraunaverkefninu var breytt frá 08:30 yfir í 08:00 með stuttum fyrirvara, en starfsfólkið hafði ráðið sig í vinnu með þær upplýsingar að vinnutíminn væri frá kl 08:30. Varðandi almennt skipulag þá kom fram í rýnihóp starfsfólks frístundaheimila að móttaka barna gekk almennt vel, sem og kveðjustundir. Skipulag varðandi nesti var aðeins ruglingslegt í upphafi, en það lagaðist eftir að starfsfólk senda leiðbeiningar um hollt nesti til foreldra og óskað var eftir að nestisboxin yrðu merkt. Starfsfólk frístundaheimilanna taldi almennt að leikskólastarfsfólkið þyrfti ekki að fylgja börnunum nema í einstaka tilvikum. Þau bentu á að betra væri að klippa á tengslin við leikskólann fyrr. Hins vegar var stuðningur nauðsynlegur fyrir sum börn. Starfsfólk frístundaheimila nefndi einnig að kostur hefði verið, ef kennarar hefðu tekið meiri þátt í aðlögunarferlinu, t.d. hitt börnin, sýnt þeim skólastofurnar og ef boðað hefði verið til fundar frístundafólks og kennara til að miðla upplýsingum á milli. Eins og fram kom hjá forstöðumönnum, þá var starfsfólkið líka óánægt með húsnæðismálin. Sumir fengu ekki að nota rými sem hafði verið lofað eða voru fyrirvaralaust tilkynnt um framkvæmdir í rýmum sem þau þurftu að nota. En almennt var starfsfólk í frístundaheimilum mjög jákvætt gagnvart því hvernig börnin aðlöguðust og töldu að þetta verkefni hefði skilað góðum árangri fyrir frístundastarfið og hjálpað börnunum að kynnast hvort öðru áður en þau byrjuðu í skólanum. Verkefnið skapaði einnig gott tækifæri til að kynnast foreldrum betur og koma á jákvæðum samskiptum við þá.



Rýnihópur starfsfólks í leikskólum.

Starfsfólk leikskóla var sammála um að það væri gagnlegt fyrir börnin að starfsfólk leikskóla fylgdi þeim yfir í upphafi aðlögunar á frístundaheimilið. Þau voru þó ekki samhljóma um nákvæma útfærslu. Sum töldu að það færi best að því að starfsfólk leikskóla fylgdi börnum yfir fyrstu vikuna, þó ekki endilega með fulla viðveru alla daga. Á meðan aðrir töldu að það væri nægilegt að fylgja börnunum yfir í einn til tvo daga. Í þessu samhengi var nefnt að það myndi einfalda aðlögun og mögulega stytta þann tíma sem þörf væri á starfsfólki leikskólans að stíga markvissari skref í að starfsfólk frístundaheimilis kæmi í heimsóknir í leikskólann til að kynnst börnunum áður en verkefnið hefst. Starfsfólk leikskólans nefndi að það að starfsfólk leikskólans fylgdi börnunum yfir fyrstu daganna væri ekki síður mikilvægt til að skapa öryggi og traust meðal foreldra. Þetta væri stórt stökk fyrir foreldra og börn og það rói þau að fá þessa aðlögun. Móttaka barnanna á frístundaheimilinu gekk að þeirra mati alla jafna vel. Að sama skapi var dagsskipulag almennt flott og gekk vel þó að upplifun starfsfólks leikskóla hafi verið sú að áherslur í starfinu hafi verið ólíkar milli frístundaheimila. Varðandi matartíma nefndi starfsfólk leikskóla að foreldrar hafi verið ósáttir við að börnin fengju ekki heitan mat í hádeginu. Þegar kom að tímalengd verkefnis var sumt starfsfólk leikskóla á því að það færi betur á því að stytta verkefnið. Það er að segja að börn væru áfram á leikskólanum fram að sumarlokun en færu beint á frístundaheimilið eftir sumarfrí. Starfsfólk leikskólans upplifði að heilt yfir hefði samvinna við frístundaheimilin gengið vel og að þau ættu að sama skapi í góðu samstarfi við grunnskólanna yfir vetrartímann. Það væri komin góð reynsla á skólaheimsóknir en þau hefðu viljað sjá meira samstarf við grunnskólann á meðan verkefninu stóð. Annað sem vert er að nefna er að starfsfólk leikskóla höfðu orð á því að svona verkefnum fylgi álag og að það sé mikilvægt að huga vel að starfsfólki á gólfinu. Starfsfólk leikskóla og frístundaheimila séu hópar sem eru almennt undir miklu álagi. Það þurfi að hugsa ýmsa þætti betur og allir sem koma að málinu þurfi að vera látnir vita tímalega m.a. út frá mönnun og öðrum þáttum sem kunna að auka á álag. Starfsfólk leikskóla nefndi að það hefði verið gott fyrir börn með stuðningsþarfir að hafa starfsfólk leikskóla með sér sem þau þekktu og treystu. Í sumum tilfellum var upplifun þeirra sem fylgdu börnunum eftir að þau hafi verið með boltann gagnvart þessu barni og starfsfólk frístundaheimila fyrir vikið gefið sig minna að því. Sem gat skapað óöryggi hjá sumum börnum þegar stuðningsaðillinn var að einhverjum ástæðum ekki til staðar. Annað sem starfsfólk




leikskólans nefndi var að í sumum tilfellum hefðu börn í 1. flokki, sem voru þar af leiðandi með stuðningsaðila með sér, aðlagast það vel á frístundaheimilinu þannig að mögulega hefðu þau ekki þurft á stuðningnum að halda, að minnsta kosti ekki allan tímann. Svo voru önnur börn sem höfðu verið í snemmtækri íhlutun í leikskólanum og áttu ekki rétt á að stuðningsaðila með sér sem áttu í sumum tilfellum mun erfiðara með að aðlagast á frístundaheimilinu en börn í 1. flokki. Þörfum þeirra barna þyrfti að mæta betur og var t.d. nefnt að mögulega mætti gera það með því að breyta útfærslu á fjármagni sem fylgdi stuðningsbörnum, flytja fjármagnið yfir á frístundaheimilin svo þau gætu gert ráðstafanir hjá sér strax frá upphafi til að mæta börnunum þar sem þau eru stödd. Ef farið væri í slíka útfærslu taldi starfsfólk leikskóla þó að það væri gagnlegt að stuðningsaðili frá leikskólanum myndi fylgja börnum yfir í byrjun til að auðvelda yfirfærsluna en síðan myndi stuðningsaðili sem væri ráðinn inn af frístundaheimilinu taka við.

Rýnihópur barna

Börnin í rýnihópnum fundu greinilegan mun á frístundaheimilinu og skólanum. Í skólanum sögðu þau að væri meira lagt upp úr námi, t.d. voru stærðfræði og skrift oft nefnd sem erfið viðfangsefni. Frístundaheimilið var meira tengt leik og frjálsri starfsemi og sköpun.


Starfsmannakönnun

Eins og sjá má á mynd átta sýndu niðurstöður starfsmannakönnunar að heilt yfir taldi starfsfólk sem tók þátt í starfinu á frístundaheimilinu (forstöðumenn og almennt starfsfólk frístundaheimila og leikskóla) að almennt skipulag á frístundaheimilinu hefði gengið vel. 56% starfsfólks var sammála að skipulag á opnunartíma hefði gengið vel. Þá töldu 74% starfsfólks að móttaka barna hefði gengið vel. 62% töldu að fyrirkomulag matartíma hefði gengið vel og 66% voru sammála því kveðjustundir í lok dag hefðu gengið vel.



Mynd 8 Starfsfólk, ég tel að almennt skipulag hafi gengið vel í tengslum við...


Starfsfólk var einnig spurt út í mikilvægi þess að starfsfólk leikskólans fylgdi börnunum eftir fyrstu daganna til að aðstoða þau við að aðlagast. Eins og sjá má á mynd níu taldi 48% allra stjórnenda og starfsfólks (leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila) mikilvægt að starfsfólk leikskólans fylgdi börnunum yfir á frístundaheimilið fyrstu daganna.



Mynd 9 Starfsfólk, telur þú mikilvægt að starfsfólk leikskóla fylgi börnum eftir á frístundaheimilið fyrstu daganna?

Þegar svör stjórnenda voru skoðuð sérstaklega sýndu niðurstöður að 46% forstöðumanna, 43% leikskólastjóra og 67% af skólastjórnendum í grunnskóla töldu mikilvægt að starfsfólk leikskóla fylgi börnunum eftir á frístundaheimilið fyrstu daganna.

Þá voru allir stjórnendur og starfsfólk spurt út í mikilvægi þess að starfsfólk leikskóla fylgdi stuðnings börnunum yfir til lengri tíma. 57% alls starfsfólks taldi mikilvægt að starfsfólk leikskóla fylgdi stuðningsbörnum yfir á frístundaheimilið til lengri tíma (sjá mynd tíu).



Mynd 10 Starfsfólk, telur þú mikilvægt að starfsfólk leikskóla fylgi stuðningsbörnum yfir á frístundaheimilið til lengri tíma (eftir þörfum hvers barns á meðan á verkefninu stendur)?


25% töldu ekki mikilvægt að starfsfólk leikskóla myndi fylgja stuðningsbörnum eftir og voru þau beðin um að svara opinni spurningu sem sneri að því með hvað hætti þau töldu best að útfæra stuðning ef starfsfólk leikskólans fylgdi börnunum ekki eftir. Alls bárust 22 svör í 72% ummæla var lagt til að starfsfólk leikskóla myndi fylgja stuðningsbörnum yfir fyrstu daganna/ vikuna en síðan færi best á því að frístundaheimilið fengi að ráða inn starfsfólk til að sinna stuðningi. Til að það gengi upp þyrfti að úthluta fjármagni til frístundaheimilanna til að sinna umræddum stuðningi.

Þegar svör stjórnenda voru skoðuð sérstaklega sýndu niðurstöður að 62% forstöðumanna og aðstoðarforstöðumanna, 39% leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og 67% skólastjórnenda töldu mikilvægt að starfsfólk leikskóla fylgi stuðningsbörnum yfir á frístundaheimilið til lengri tíma.

Þá var starfsfólk sem starfaði inn á frístundaheimilinu spurt hversu vel eða illa þau töldu að stuðningsþörfum barna hafi verið mætt á meðan á tilraunaverkefninu stóð. 41% starfsfólks taldi að það hefði gengið mjög eða frekar vel að mæta stuðningsþörfum barna á meðan á



tilraunverkefninu stóð (sjá mynd 11). Sem er í samræmi við athugasemdir sem kom fram í rýnihópum um að þörfum barna með sértækan stuðning í leikskóla hefði þurft að mæta betur.



Mynd 11 Starfsfólk, hversu vel eða illa telur þú að þörfum stuðningsbarna hafi verið mætt á meðan á verkefninu stóð?

Stjórnendur og starfsfólk var einnig beðið um að svara opinni spurningu um helstu kosti og galla tilraunaverkefnis. Helstu kostir verkefnisins að mati stjórnenda og starfsfólks leikskóla voru að geta hafið aðlögun nýrra barna á leikskólanum fyrr, eins taldi starfsfólk að heilt yfir hafi börnin í tilraunaverkefninu verið tilbúin í þetta skref og verið ánægð með að fá að byrja á frístundaheimilinu og öruggari við skólabyrjun. Helstu gallar verkefnisins hafi verið að tilraunaverkefnið hafi verið kynnt of seint, það hefði þurft meiri undirbúning. Til að mynda hafi sumarleyfi skarast. Eins var nefnt að það hefði þurft að mæta stuðningsþörfum barna sem voru ekki í 1.flokki betur (börn með snemmtæka íhlutun í leikskóla). Eins hefði verið erfitt að finna afleysingu fyrir starfsfólk leikskóla sem fylgdi börnum yfir á frístundaheimilið og óskýrt hve lengi það ætti að fylgja börnunum. Þá var eitthvað um að starfsfólk leikskóla hafi þótt óþægilegt að þurfa flytja sig tímabundið yfir á nýjan vinnustað. Að sama skapi voru einhverjir sem lýstu yfir



óánægju með að verkefnið hafi byrjað í júní og töldu að 2-3 vikur fyrir skólabyrjun hefðu verið nóg.

Helstu kostir að mati forstöðumanna og starfsfólks frístundaheimila voru að tilraunaverkefnið skapaði tækifæri til að vinna í að sameina barnahópin sem kom úr ólíkum leikskólum og mynda tengsl fyrir skólabyrjun. Eins var gott fyrir bæði börn og foreldra að fá tækifæri til að kynnast frístundastarfinu fyrir skólabyrjun. Þá var einnig kostur að börnin fengu tækifæri til að læra á umhverfið og þekkja rýmin. Helstu gallarnir voru sá að opnunartími var ekki sá sami og í sumarfrístund sem hafi áhrif á skipulag starfsins en einnig áhrif á foreldra barna sem áttu börn á báðum stöðum. Þá var nefnt að verkefninu hefði fylgt mikið álag á starfsfólk og að tilraunaverkefnið hefði tekið frá sumarfrístundinni. Það er að segja að það hafi ekki verið hægt að halda uppi samskonar starfi í sumarfrístundinni og fyrri ár vegna vinnunnar sem fór í tilraunaverkefnið. Eins var nefnt að það hefði mátt vera meira samráð við forstöðumenn varðandi útfærslu á verkefninu fyrr í ferlinu og að í sumum tilfellum hefði þurft meira rými undir starfseminu og eins hefðu sumir viljað það hefði verið reiknað með fleira starfsfólki.

Helstu kostir að mati skólastjórnenda í grunnskólum voru að nemendur fá góða aðlögun og kynnast skólahúsnæði og nánasta umhverfi vel. Bæði börn og foreldrar voru almennt öruggari við skólabyrjun sem sást til að mynda í minni aðskilnaðarkvíða fyrstu daganna. Gallarnir voru þeir að verkefnið var keyrt of seint af stað. Þá var nefnt að það hefði þurft að huga betur að ýmsum skipulagstengdum þáttum eins og t.d. hver ætti að sjá um þrif þegar starfsfólk grunnskóla væri í sumarleyfi.

Til að fá fram viðhorf leikskólastjóra og skólastjórnenda til þess hver aðkoma leikskóla og grunnskóla ætti að þeirra mati að vera ef verkefnið myndi halda áfram voru þeir beðnir um að svara opinni spurningu um sína aðkomu í framtíðinni. Í opnum svörum leikskólastjóra kom fram að þeir telja að aðkoma leikskólans ætti fyrst of fremst að snúast um samræmingu sumarleyfa milli skólastiga, aðlögun og stuðningsmál. Auk þess kalla leikskólastjórar eftir meira samráði milli stiga til að samræma aðlögunarferlið og tryggja samfellu í þjónustu við börn og foreldra.


Að mati skólastjórnenda ætti aðkoma grunnskólana í framtíðinni að vera með sambærilegum hætti og í ár. Þeir nefndu að alla jafna væri öflugt samstarf við leikskólanna og börnin kæmu



reglulega í heimsókn og fengju að taka þátt í skólastarfi yfir veturinn. Tveir skólastjórnendur nefndu að þeir myndu vilja sjá nánara samstarf með meiri aðkomu frá kennurum 1. bekkjar. Skólastjórar í skólum þar sem umsjónakennarar tóku á móti börnum í stutta heimsókn voru ánægðir með það fyrirkomulag og vildu halda í það. Þó var tekið fram að umsjónakennarar hefðu ekki tök á að vera með kennslu eða lengri viðveru með nemendum á þessum tíma vegna starfsdaga og undirbúnings fyrir skólaárið.

Foreldrakönnun

Meirihluti foreldra eða 66% voru heilt yfir ánægðir með að barnið þeirra hefði farið fyrr á frístundaheimili í stað þess að vera í leikskóla fram að skólasetningu (sjá mynd 12).




Mynd 12 Foreldrar, heilt yfir hversu óánægt eða ánægt ert þú sem foreldri með að barnið þitt hafi farið fyrr í frístundaheimili í staðinn fyrir að vera í leikskóla fram að skólasetningu?

Hvað varðar ánægju foreldra með almennt skipulag þá voru 83% foreldra ánægð með opnunartíma. 77% foreldra voru ánægð með móttöku barna á morgnanna og 69% voru ánægð með kveðjustundir í lok dags. Öllu minni ánægja var með fyrirkomulag á matartíma en börnin




þurftu að koma með nesti að heiman og voru 37% foreldra ánægð með það fyrirkomulag.

Nánari upplýsingar um upplifun foreldra af því hvernig almennt skipulag tókst til er að finna á mynd 13.




Mynd 13 Foreldrar, hversu ánægt eða óánægt varst þú sem foreldri með eftirfarandi þætti á frístundaheimilinu á meðan á tilraunaverkefninu stóð (fyrir skólasetningu)?

Þá voru 71% foreldra heilt yfir ánægð með viðfangsefni starfsins á frístundaheimilinu á meðan á tilraunaverkefninu stóð.




Mynd 14 Foreldrar, heilt yfir hversu ánægt eða óánægt varst þú sem foreldri með viðfangsefni starfsins á frístundaheimilinu (fyrir skólabyrjun)?

Mikill meirihluti foreldra eða 81% telur það hafa skipt miklu máli fyrir aðlögun barns á frístundaheimilinu að starfsfólk leikskóla fylgdi börnunum fyrstu daganna.




Mynd 15 Foreldrar, hversu litlu eða miklu máli fannst þér skipta fyrir aðlögun barnsins á frístundaheimilinu að starfsmaður frá leikskólanum fylgdi með á frístundaheimilið fyrstu dagana?

Um 12% foreldra sem svöruðu könnuninni áttu barn sem var með sérstakan stuðningi leikskóla (sjá mynd 16).



Mynd 16 Foreldrar, var barnið þitt með sérstakan stuðning í leikskóla?

Af þeim 12% foreldra sem áttu barn sem hafði verið með sérstakan stuðning í leikskóla töldu 48% að stuðningsþörfum barns síns hafi verið mætt mjög eða frekar vel á meðan á tilraunverkefninu stóð (sjá mynd 17).



Mynd 17 Foreldrar, hvernig fannst þér stuðningsþörfum barnsins þíns mætt á frístundaheimilinu (fyrir skólabyrjun)



3. Líðan barna

Líðan barna er metið með viðtölum og rýnihópum stjórnenda, starfsfólks og barna. Ásamt niðurstöðum úr starfsmannakönnun og foreldrakönnun.

Rýnihópar

Viðtal við deildarstjóra barnastarfs (frístundaheimila)

Deildarstjórnir voru sammála um að aðlögunin á frístundaheimilinu hjálpi börnunum við skólabyrjun, m.a. til að kynnast umhverfinu og öðrum börnum en auk þess dró það einnig úr kvíða foreldra. Deildarstjórnir töldu börnin sem tóku þátt í verkefninu öruggari og betur undirbúin fyrir skólabyrjun, þau voru sjálfstæðari og aðlögunin í 1. bekk var mýkri að þeirra mati. Starfsfólk leikskólanna gat einnig gefið frístundastarfsmönnum upplýsingar um börnin, sem hjálpaði til við að mæta þörfum þeirra á meðan á verkefninu stóð.

Viðtal við fagstjóra grunnskóla

Fagstjórnir voru sammála um að tilraunaverkefni hefði gert skólabyrjunina betri, bæði fyrir börn og foreldra. Þau börn sem höfðu tekið þátt í tilraunaverkefninu voru öruggari þegar grunnskólinn byrjaði formlega og reynslumiklir starfsmenn sögðu að þetta væri ein af bestu skólabyrjunum sem þeir höfðu upplifað. Jákvætt væri einnig að verkefnið skapaði samfellu milli frístundaheimilisins og grunnskólans.

Viðtal við fagsstjóra leikskóla

Aðlögun barna gekk almennt vel og börn sem tóku þátt í tilraunaverkefninu voru betur undirbúin fyrir haustið að mati fagstjóra leikskóla. Starfsfólk leikskólanna gat gefið frístundastarfsfólkinu upplýsingar um börnin, sem hjálpaði til við að mæta þörfum þeirra í frístundaheimilinu, börnin fengu tækifæri til að aðlagast frístundaheimilinu og skólanum í meira fámenni og kynnast dagsskipulaginu í frístundaheimilinu með stuðningi leikskólastarfsfólks.



Rýnihópur forstöðumanna frístundaheimila.

Aðlögun barnanna í frístundaheimilinu í upphafi tilraunaverkefnisins, gekk almennt vel að mati forstöðumanna. Börnunum fannst gaman að koma í frístundastarfið og voru spennt fyrir því sem var í boði yfir vikuna og forstöðumenn töldu það hafa hjálpaði þeim að aðlagast betur í skólanum, að hafa verið á frístundaheimilinu áður. Forstöðumenn sögðu einnig að mikill stuðningur hefði verið í því að starfsfólk leikskólanna fylgdu börnunum fyrstu dagana, það veitti mikilvægar upplýsingar um börnin, sem auðveldaði frístundafólki að bregðast við þeim og koma betur til móts við börnin. Heilt yfir aðlöguðust börnin vel.

Rýnihópur starfsfólks á frístundaheimilum.

Starfsfólk frístundaheimila taldi að börnin hefðu almennt aðlagast mjög vel á frístundaheimilinu og töldu verkefnið hafa hjálpað börnunum að kynnast hvort öðru áður en þau byrjuðu í skólanum. Starfsfólkið nefndi einnig að tilraunaverkefnið hjálpaði börnunum að kynnast starfsfólkinu og umhverfinu.

Rýnihópur starfsfólks í leikskólum.

Heilt yfir taldi starfsfólk leikskóla að börnin hafi verið ánægð og gengið vel að aðlagast. Þau upplifðu að börnin hefðu verið spennt fyrir því að byrja á frístundaheimilinu og tilbúin í þetta skref. Lögð var áhersla á að upplifun barnanna væri einstaklingsbundin en að í fyrria fyrirkomulagi hafi stundum borið á skólaleiða þegar börnin komu aftur í leikskólann eftir sumarfrí og í því samhengi væri jákvætt fyrir þau að fá að taka þetta skref fyrr. Þetta væri að sumu leyti mýkri lending en að fara beint úr leikskóla yfir í grunnskóla. Börnunum gafst kostur á að læra að þekkja húsnæðið og kynnast nýjum börnum í aðstæðum sem bjóða uppá meiri leik en í grunnskólanum. Frábært að fá þennan tíma í undirbúning og í að taka skref í átt að auknu sjálfstæði t.d. læra hugsa um nestið sitt, fötin og inná húsnæðið áður en skólinn byrjar. Þá var einnig nefnt að verkefnið hefði ýmsa kosti fyrir börn sem væru að flytja milli hverfa og myndi eflaust auðvelda aðlögun fyrir þau börn.



Rýnihópur kennara í 1. bekk:


Kennarar í 1. bekk voru sammála því að heilt yfir hefði aðlögun barna í 1. bekk gengið mjög vel og að það hefði verið merkingabær munur á aðlögun barna sem tóku þátt í tilraunverkefninu. Bæði hafi börnin verið sjálfstæðari og foreldrar öruggari. Þar sem húsnæði var samnýtt nefndu kennarar að það hafi verið mikil kostur að börnin hafi verið búin að læra svona vel á skólahúsnæðið og í raun allt nær umhverfið. Þetta hefði til að mynda sést í því að börnin væru öruggari í frímínútum og öruggari í að rata um skólann. Þeir nefndu þó að í einhverjum tilfellum hafi ólíkar umgengisreglur milli frístundaheimilis og grunnskólans skapað rugling hjá börnunum við upphaf skólaárs.

Rýnihópur barna

Líðan barnanna á frístundaheimilinu og í 1. bekk var almennt jákvæð. Að þekkja einhverja vini áður en börnin byrjuðu á frístundaheimili stuðlaði að betri líðan og að þekkja húsnæðið hjálpaði einnig til við aðlögunarferlið. Fyrir sum börn hjálpaði það einnig að hafa leikskólakennara með fyrstu dagana á frístundaheimilinu. Almennt má segja að börn sem höfðu fengið kynningu á húsnæðinu og hitt kennarana hefðu upplifað jákvæðari og öruggari líðan þegar þau byrjuðu í 1. bekk.


Starfsmannakönnun

84% starfsfólks sem starfaði á frístundaheimilinu eða á leikskóla og fylgdu börnunum yfir töldu að börnunum hafi heilt yfir gengið mjög eða frekar vel að aðlagast í frístundaheimilinu í byrjun tilraunverkefnisins (sjá mynd 18).



Mynd 18 Starfsfólk, heilt yfir hversu vel eða illa telur þú að börnunum hafi gengið að aðlagast starfinu á frístundaheimilinu fyrir skólabyrjun?


Þá taldi 83% allra stjórnenda og starfsfólks (leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila) að tilraunaverkefnið hafi jákvæð áhrif á aðlögun barna í grunnskóla (sjá mynd 19).



Mynd 19 Starfsfólk, hvaða áhrif telur þú að tilraunaverkefnið Fyrr í frístundaheimili að hafa á aðlögun barna í grunnskóla?

Svör stjórnenda voru einnig skoðuð sérstaklega og sýndu niðurstöður að 91% forstöðumanna og aðstoðarforstöðumanna, 87% leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og 92% skólastjórnenda grunnskóla töldu að tilraunaverkefnið hefði mjög eða frekar jákvæð áhrif á aðlögun barna í grunnskóla.

Þá voru umsjónakennarar í 1. bekk spurðir hvort þeir teldu að skólabyrjun hefði verið auðveldari fyrir börn sem tóku þátt í tilraunaverkefninu. Um helmingur kennara í fyrsta bekk telur að skólabyrjun verði auðveldari fyrir börn sem tóku þátt í tilraunaverkefninu (sjá mynd 20). Tekið skal fram að um 35% voru óviss.




Mynd 20 Kennarar, heilt yfir telur þú að skólabyrjun hafi verið auðveldari fyrir börn sem tóku þátt í tilraunaverkefninu "Fyrir í frístundaheimili" af því þau voru búin að aðlagast á frístundaheimilinu áður en 1. bekkur byrjaði?

Kennarar í 1. bekk voru jafnframt beiðnir um að svara opinni spurningu um hvort þau hefðu fundið mun aðlögun barna sem tóku þátt í verkefninu samanborið við önnur börn sem tóku ekki þátt eða í samanburði við fyrri árganga. Í sjö ummælum var minnst á að kennarar töldu börn sem tóku þátt í verkefninu vera öruggari við upphaf skólagöngu. Að sama skapi var fimm sinnum minnst á að börnin þekktu umhverfið betur sem myndi auðvelda aðlögun. Þá voru fimm ummæli sem snéru að því að kennarar töldu sig ekki finna skýran mun á börnum sem tóku þátt í tilraunaverkefninu og öðrum börnum eða fyrri árgöngum. Til að mynda voru fjórir kennarar sem höfðu orð á því að þeir hefðu ekki nægilega miklar upplýsingar um hvaða börn hafi tekið þátt í tilraunaverkefninu, sem gerði samanburðinn erfiðari.


Foreldrakönnun

Meirihluti foreldra eða 87% foreldra töldu að barninu þeirra hefði gengið vel að aðlagast á frístundaheimilinu fyrir skólasetningu.



Mynd 21 Foreldrar, hversu vel eða illa fannst þér barninu þínu ganga að aðlagast á frístundaheimilinu fyrir skólasetningu?


Að sama skapi töldu 83% foreldra að barninu þeirra hefði almennt liðið vel á frístundaheimilinu (sjá mynd 22).



Mynd 22 Foreldrar, hvernig leið barninu þínu almennt á frístundaheimilinu á meðan á tilraunaverkefninu stóð (fyrir skólasetningu)?




Þannig að heilt yfir virðist líðan barna á meðan tilraunverkefninu stóð hafa verið góð. Sem endurspeglast einnig í því að 84% foreldra töldu að barninu þeirra hafi þótt skemmtilegt að taka þátt í starfi frístundaheimilisins í sumar (sjá mynd 23).




Mynd 23 Foreldrar, hvernig fannst barninu þínu að taka þátt í starfi frístundaheimilisins í sumar (fyrir skólabyrjun)?

Hvað varðar aðlögun barnanna við upphafi skólagöngu þá töldu 77% foreldra að tilraunaverkefnið hefði haft mjög eða frekar jákvæð áhrif á aðlögun barns í grunnskóla (sjá mynd 24).




Mynd 24 Foreldrar, hvaða áhrif telur þú að það hafi haft á aðlögun barns þín við upphaf grunnskóla að hafa byrjað fyrir á frístundaheimilinu?

Sem er í takt við upplifun foreldra af því hvernig aðlögun barnanna í grunnskóla tókst til. 89% foreldra töldu að barninu þeirra hefði gengið mjög eða frekar vel að aðlagast við upphaf skólagöngu í fyrsta bekk (sjá mynd 25).



Mynd 25 Foreldrar, hversu vel eða illa gekk barninu að aðlagast í grunnskólanum við upphaf skólagöngu í 1. bekk?

Eins og við var að búast hafði það að byrja fyrr á frístundaheimilinu einnig jákvæð áhrif á aðlögun barna á frístundaheimilinu eftir formlega skólabyrjun en 92% foreldra töldu aðlögun á frístundaheimilinu eftir skólabyrjun hefði gengið vel. Enda voru börnin búnin að vera á frístundaheimilinu og kynnast starfsfólki frístundaheimilisins. Þó einhverjar breytingar kunni að hafa orðið á starfsmannahópnum við skólabyrjun.



Mynd 26 Foreldrar, hversu vel eða illa gekk barninu að aðlagast á frístundaheimilinu eftir skólabyrjun?



4. Áhrif á verkefnisins á aðlögun nýrra barna í leikskóla

Áhrif verkefnis á innritun barna í borgarreknunum leikskólum:

Væntingar voru til þess að tilraunaverkefnið „Fyrir í frístundaheimili“ hefði jákvæð áhrif á aðlögun nýrra barna í leikskólum. Í minnisblaði til borgarráðs (3. mars 2024) frá sviðsstjóra skóla- og frístundasviði kom fram að markmiðið væri að ná inn 50% barna af biðlista sem fengu boð um leikskólavist í þáttökuleikskólunum í júní (fyrir sumarlokanir).

Til að meta hvernig aðlögun nýrra barna tókst til var rýnt í upplýsingar úr *Völu* skráningarkerfi leikskólanna. Tekinn var út fjöldi barna sem var að útskrifast úr leikskólum sem tóku þátt í tilraunaverkefninu. Næst var skoðað hversu mörg börn höfðu verið innrituð í hvern og einn leikskóla. Fjöldi innritaðra barna gat verið hærri en fjöldi barna sem var að útskrifast þar sem leikskólar voru einnig að innrita í pláss sem mynduðust þegar yngri börn en fædd 2018 fengu boð um flutning í annan leikskóla. Í kjölfarið var skoðað hvenær innrituðu börnin hófu leikskólavist. Ákveðið var að skoða upphafsdagsetningar vistunnar í júní, ágúst og september þar sem lokað var í leikskólum í júlí vegna sumarleyfa. Ekkert barn var því með upphafsdagsetningu í júlí. Flest börn með upphafsdagsetningu í ágúst voru með upphafsdagsetningu um miðjan ágúst. Eins og sjá má í töflu fimm losnuðu 347 pláss vegna útskriftar 2018 barna. Heildarfjöldi innritaðra barna í leikskólum sem tóku þátt í tilraunaverkefninu voru 393. Þar af hófu 179 börn vistun í júní. Því má segja að markmið um innritun barna í júní hafi að mestu leyti gengið eftir, stór hluti nýrra barna eða um 46% í þáttökuleikskólunum komust fyrir í aðlögun en þau hefðu annars gert.



Tafla 5 Nánari upplýsingar um innritun nýrra barna í þátttökuleikskólum

Þjónustumiðstöð	Leikskóli	Fjöldi 2018 barna	Fjöldi innritaðra barna	Upphafsmánuður vistunar innritaðra barna		
				<Júní	Ágúst	September
Austurmiðstöð	Hulduheimar	23	28	16	10	2
	Hamrar	9	16	15	1	0
	Engjaborg	21	24	11	11	2
	Sunnufold	22	28	19	9	0
	Funaborg	8	14	4	10	0
	Brekkuborg	13	20	15	5	0
	Klettaborg	18	20	10	10	0
	Rauðhóll	45	53	13	27	13
	Laufskálar	21	23	6	11	6
	Lyngheimar	14	17	14	3	0
	Fífuborg	15	13	3	5	5
Suðurmiðstöð	Bakkaborg	21	24	4	19	1
	Borg	21	45	16	24	5
	Jöklaborg	27	25	12	13	0
	Hálsaskógur	29	1	0	0	1
	Seljaborg	15	16	7	9	0
	Seljakot	25	26	14	12	0
	Heildarfjöldi	347	393	179	179	35

Vert er að taka fram að utanaðkomandi þættir höfðu áhrif á innritun í einstaka leikskóla. Til að mynda er leikskólinn Hálsaskógur alla jafna starfræktur í tveimur byggingum: Borg og Koti. Vegna viðhaldsframkvæmda er annað húsnæði leikskólans Borg, lokað en starfsemi er í hinu húsnæðinu, Koti. Leikskólinn flutti með hluta starfseminnar í Ævintýraborg í Vogabyggð á síðasta skólaári og í júní sl. fluttist öll starfsemin aftur í Kot. Þar af leiðandi var ekki innritað í leikskólann fyrir skólaárið 2024 – 2025.

Ekki er hægt að taka út tölfræðilegar upplýsingar um fjölda tilvika þar sem foreldrum var boðið að hefja vistun í júní en afþökkuðu boðið. Til að fá tilfinningu fyrir umfangi þess að foreldrar hafi afþakkað júní aðlögun voru leikskólastjórar spurðir út í upplifun sína á umfangi þess að foreldrar hafi afþakkað júní innritun. Níu af 17 leikskólastjórum höfðu lent í því að einhverjir foreldrar höfðu afþakkað júní aðlögun og frekar beðið um að fá að byrja í ágúst. Flestir tiltóku þó að þetta hefði ekki haft mikil áhrif á fjölda innritaðra barna í júní því það verið hægt að bjóða öðrum börnum júní aðlögun í staðinn. Því hafi fjöldi innritaðra barna í júní að mestu leyti miðast við getu



leikskólans til að taka á móti nýjum barnahópi á þessum tíma út frá mönnum og öðrum skipulagsþáttum.

Áhrif á verkefnisins á innritun nýrra barna í sjálfstætt starfandi leikskóla:

Sjálfstætt starfandi leikskólum í Reykjavík var gefin kostur á að skila inn umsögn vegna tilraunaverkefnisins og tölvupóstur þess efnis var sendur skólastjórnendum sjálfstætt starfandi leikskóla þann 15. ágúst 2024. Umsagnarfrestur var til og með 1. september en engar umsagnir bárust. Því er ekki fært að álykta um áhrif verkefnis á aðlögun í sjálfstætt starfandi leikskólum.



5. Fjárhagslegt mat

Lagt var mat á þann kostnað sem tilgreindur var við verkefnið og sannreyndar tekjur sem stöfuðu frá þátttöku í verkefninu.

Tekjur frístundaheimila vegna verkefnisins Fyrr í frístundaheimili voru 22 milljónir króna, beinn launakostnaður voru 84 milljónir króna og annar rekstrarkostnaður 15 milljónir krónur. Heilstætt mat á verkefninu skilaði þeirri niðurstöðu að verkefnið kostnaði um 77 milljónir.

Verkefnið rúmaðist innan fjárheimilda viðkomandi starfstöðva eftir að fjárheimildir höfuð verið millifærðar innan frístundamálaflokksins. Óskað var eftir viðauka við fjárheimildir sbr. samþykkt í borgarráði en þær fengust ekki.

Heildarfjöldi barna í 1. bekk í þeim grunnskólum sem tóku þátt í verkefninu er 370 og þar af nýttu sér 345 þjónustuna. Hlutfall þeirra sem notuðu þjónustuna var í samræmi við þær forsendur sem lagt var upp með og hægt var að bjóða börnum pláss í leikskólum fyrr eins og m.a. lagt var upp með og í raun eitt af markmiðum með verkefninu.

Niðurstaða fjárhagsmats var að gjöld og tekjur voru í samræmi við þær forsendur sem lagt var upp með. Viðbótarfjárheimildir voru ekki veittar til verkefnisins og var verkefnið fjármagnað af fjárheimildum frístundastarfs þar sem svigrúm myndaðist þar vegna mönnunarvanda.



6. Samantekt á niðurstöðum mats eftir köflum

Upplýsingagjöf

Í rýnihópum koma fram að ákvörðun um að tilraunaverkefnið yrði sett af stað var tekin of seint og foreldrar, stjórnendur og starfsfólk fengu þar af leiðandi vitneskju um að verkefnið yrði að veruleika, of seint. Að mati stjórnenda og starfsfólks var auk þess þörf á auknu samráði, skýrari ábyrgðarskiptingu og skýrari verkferlum. Jákvæðir þættir varðandi upplýsingagjöf var að hún var aðeins betri en árinu áður og stjórnendur frístundastarfs voru ánægðir með undirbúningsfund með starfsfólki annarra sveitarfélaga. Þetta samræmist niðurstöðum starfsmannakönnunar en þær sýndu að heilt yfir upplifðu um 57% starfsfólks að upplýsingagjöf um verkefnið áður en það hóst, hafi verið of lítil. Þau hefðu viljað fá skýrari upplýsingar um verkefnið fyrr og þá hefði þurft að huga betur á útfærslu á stuðningi við börn á meðan á verkefninu stóð.

Niðurstöður foreldrakönnunar sýndu að skiptar skoðanir voru á því hvort upplýsingagjöf um verkefnið hefði verið fullnægjandi. Um helmingur foreldra taldi upplýsingagjöf hafa verið hæfilega og hinn helmingurinn taldi að upplýsingagjöf hefði verið of lítil. Þegar rýnt var í svör foreldra sem töldu upplýsingagjöf hafa verið of litla kom skýrt fram að þau hefðu viljað fá upplýsingarnar fyrr, helst að þær hefðu legið fyrir strax við upphaf skólaárs. Eins kom fram mikill óánægja með að sumarleyfistímabil í verkefninu hefðu stangast á við fyrirfram auglýst sumarleyfi í leikskólunum. Þá var einnig minnst á aðra þætti eins og nánari upplýsingar um dagskipulag, meiri upplýsingar um útfærslu á stuðning og ósk um að meira samráð hafði verið haft við foreldra í undirbúningi verkefnisins.

Almennt skipulag

Í rýnihópnum kom fram að helstu áskoranir varðandi almennt skipulag tengdust upplýsingagjöf sem barst of seint ásamt skorti á skýrum verkferlum, sem olli óvissu og jók álag á starfsfólk í undirbúningi. Einnig var ósamræmi í stuðningsúrræðum fyrir börn með sérþarfir milli leikskóla og frístundaheimila áskorun og þá komu einnig upp vandamál tengd húsnæðismálum, þar sem frístundastarfsemin fékk ekki alltaf lofaða aðstöðu og óvæntar framkvæmdir trufluðu starfsemi.



Þetta krafðist oft endurskipulagningar á síðustu stundu. Óljós hlutverkaskipan og skortur á samvinnu við grunnskóla kom einnig fram í rýnihópum. Þá kom einnig fram að starfsfólk upplifði að fagstarf sumarfrístundarinnar fyrir 1. - 4. bekk hafi ekki alltaf verið jafn fjölbreytt og venjulega því mikill vinna fór í tilraunverkefnið fyrir verðandi 1. bekkina.

Niðurstöður starfsmannakönnunar sýndu að meirihluti starfsfólks sem starfaði inn á frístundaheimilinu: forstöðumenn frístundaheimila, almennt starfsfólk frístundaheimila og starfsfólk leikskóla sem fylgdi börnunum eftir töldu heilt yfir að almennt skipulag á frístundaheimilinu hefði gengið vel. 56% starfsfólks var sammála að skipulag á opnunartíma hefði gengið vel. Þá töldu 74% starfsfólks að móttaka barna hefði gengið vel. 62% töldu að fyrirkomulag matartíma hefði gengið vel og 66% voru sammála því kveðjustundir í lok dag hefðu gengið vel. Hvað varðar mikilvægi þess að starfsfólk leikskóla fylgi börnum yfir á frístundaheimilið taldi 48% allra stjórnenda og starfsfólks (leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila) mikilvægt að starfsfólk leikskólans fylgdi börnunum yfir á frístundaheimilið fyrstu daganna. Þá taldi 57% alls starfsfólks mikilvægt að starfsfólk leikskóla fylgdi stuðningsbörnum yfir á frístundaheimilið til lengri tíma. Meirihluti starfsfólks sem taldi ekki mikilvægt að starfsfólk leikskóla myndi fylgja stuðningsbörnum yfir til lengir tíma töldu að það færi best á því að starfsfólk leikskóla myndi fylgja stuðningsbörnum yfir fyrstu daganna/ vikuna en síðan fengi frístundaheimilið að ráða inn starfsfólk til að sinna stuðningi. Til að það gengi upp þyrfti að úthluta fjármagni til frístundaheimilanna til að sinna umræddum stuðningi. Heilt yfir töldu 41% starfsfólks sem starfaði inn á frístundaheimilinu að það hefði gengið mjög eða frekar vel að mæta stuðningsþörfum barna á meðan á tilraunverkefninu stóð (sjá mynd 11). Sem er í samræmi við athugasemdir sem kom fram í rýnihópum um að þörfum barna með snemmtæka íhlutun í leikskóla hefði þurft að mæta betur.

Niðurstöður foreldrakönnunar sýndu að meirihluti foreldra eða 66% voru heilt yfir ánægðir með að barnið þeirra hefði farið fyrr á frístundaheimili í stað þess að vera í leikskóla fram að skólasetningu. Hvað varðar ánægju foreldra með almennt skipulag þá voru 83% foreldra ánægð með opnunartíma. 77% foreldra voru ánægð með móttöku barna á morgnanna og 69% voru ánægð með kveðjustundir í lok dags. Öllu minni ánægja var með fyrirkomulag á matartíma en börnin þurftu að koma með nesti að heiman og voru 37% foreldra ánægð með það fyrirkomulag.



Þá voru 71% foreldra heilt yfir ánægð með viðfangsefni starfsins á frístundaheimilinu á meðan á tilraunaverkefninu stóð. Mikill meirihluti foreldra eða 81% taldi það hafa skipt miklu máli fyrir aðlögun barns á frístundaheimilinu að starfsfólk leikskóla fylgdi börnunum fyrstu daganna. Um 12% foreldra sem svöruðu könnuninni áttu barn sem var með sérstakan stuðnings í leikskóla og taldi 48% þeirra að stuðningsþörfum barns síns hafi verið mætt mjög eða frekar vel á meðan á tilraunaverkefninu stóð.

Líðan barna

Í öllum rýnihópum/viðtölum kom fram að verkefnið hafði almennt jákvæð áhrif á líðan barnanna og hjálpaði þeim að aðlagast betur. Börnin sýndu meiri öryggi og sjálfstæði þar sem þau fengu tækifæri til að kynna bæði húsnæði og starfsfólki frístundaheimilisins áður en grunnskólinn hófst. Þetta þýddi einnig að börnin lærðu á nýtt umhverfi og dagsskipulag sem auðveldaði breytinguna. Kennarar og forstöðumenn frístundaheimila lýstu því að börnin hafi almennt verið betur undirbúin fyrir skólann og að skólabyrjun þar af leiðandi mýkri.

Niðurstöður starfsmannakönnunar sýndu að 84% starfsfólks sem starfaði á frístundaheimilinu eða á leikskóla og fylgdu börnunum yfir töldu að börnunum hafi heilt yfir gengið mjög eða frekar vel að aðlagast í frístundaheimilinu í byrjun tilraunverkefnisins. Þá taldi 83% allra stjórnenda og starfsfólks að tilraunaverkefnið hafi jákvæð áhrif á aðlögun barna í grunnskóla. Eins taldi um helmingur kennara í fyrsta bekk að skólabyrjun verði auðveldari fyrir börn sem tóku þátt í tilraunaverkefninu

Niðurstöður foreldrakönnunar sýndu að 87% foreldra barna sem tóku þátt töldu að barninu þeirra hefði gengið vel að aðlagast á frístundaheimilinu fyrir skólasetningu. Að sama skapi töldu 83% þeirra að barninu sínu hefði almennt liðið vel á frístundaheimilinu. Þannig að heilt yfir virðist líðan barna á meðan tilraunverkefninu stóð hafa verið góð. Sem endurspeglast einnig í því að 84% foreldra töldu að barninu þeirra hafi þótt skemmtilegt að taka þátt í starfi frístundaheimilisins í sumar.

Hvað varðar aðlögun barnanna við upphafi skólagöngu þá töldu 77% foreldra að tilraunaverkefnið hefði haft mjög eða frekar jákvæð áhrif á aðlögun barns í grunnskóla. Sem er í



takt við upplifun foreldra af því hvernig aðlögun barnanna í grunnskóla tókst til en 89% foreldra taldi að barninu þeirra hefði gengið mjög eða frekar vel að aðlagast við upphaf skólagöngu í fyrsta bekk. Þá töldu 92% foreldra að aðlögun á frístundaheimilinu eftir skólabyrjun hefði gengið vel. Enda voru börnin búin að vera á frístundaheimilinu og kynnast starfsfólki frístundaheimilisins. Þó einhverjar breytingar kunni að hafa orðið á starfsmannahópnum við skólabyrjun.

Áhrif á verkefnisins á aðlögun nýrra barna í leikskóla

Væntingar voru til þess að tilraunaverkefnið „Fyrr í frístundaheimili“ hefði þau áhrif að aðlögun nýrra barna í tilraunaleikskólum gæti hafist fyrr. Í minnisblaði til borgarráðs (3. mars 2024) frá sviðsstjóra skóla- og frístundasviði kom fram að markmiðið væri að ná inn 50% barna af biðlista í þátttökuleikskólunum í júní (fyrir sumarlokanir). Það losnuðu 347 pláss vegna útskriftar 2018 barna. Heildarfjöldi innritaðra barna í leikskólum sem tóku þátt í tilraunaverkefninu voru 393 þar af hófu 179 börn vistun í júní, 179 börn hófu aðlögun í ágúst og 35 börn í september. Því má segja að markmið um innritun barna í júní hafi gengið eftir. Í stað þess að hefja aðlögun í kringum 20. ágúst við upphaf grunnskólastarfs var hægt að hefja aðlögun í júní og halda henni áfram eftir sumarlokun. Stór hluti barna hóf aðlögun í júní (46%) og aðrir í ágúst og þannig hóf lítill hluti hópsins aðlögun í september sem er mikil breyting frá fyrra ári þar sem stærsti hópur leikskólabarna hefur aðlögun í september.

Fjárhagslegt mat

Niðurstaða fjárhagsmats var að gjöld og tekjur voru í samræmi við þær forsendur sem lagt var upp með. Viðbótarfjárheimildir voru ekki veittar til verkefnisins og var verkefnið fjármagnað af fjárheimildum frístundastarfs þar sem svigrúm myndaðist þar vegna mönnunarvanda.